

Reglur um greiðslu ferðakostnaðar og önnur starfskjör ráðherra

1. gr.

Gildissvið.

Þessar reglur gilda um greiðslu ferðakostnaðar og önnur starfskjör ráðherra í ríkisstjórn Íslands.

2. gr.

Ferðakostnaður vegna embættisferða.

Fæðis- og gistikostnaður er greiddur af hlutaðeigandi ráðuneyti fyrir ráðherra vegna ferðalaga sem tengjast störfum hans sem ráðherra vegna ferða hérlendis og erlendis. Um ferðakostnað og önnur útgjöld, frádrátt og tryggingar, gilda ákvæði reglna fjármála- og efnahagsráðherra um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, sbr. þó 2. mgr. Heimilt er, í þágu vinnuhagræðis og öryggissjónarmiða, að bóka sæti í fyrsta farrými flugvélar fyrir ráðherra, ásamt einum förunaut.

Vegna ferðalaga erlendis samkvæmt þessari grein skulu ráðherrum greiddir dagpeningar vegna fæðis og annars kostnaðar, þ.e. daghluta. Auk þess skal þeim greiddur ferða- og gistikostnaður. Séu makar ráðherra með í för, skal þeim greiddur kostnaður við fargjald og gistingu.

3. gr.

Ferðakostnaður vegna stjórnmalalegra starfa erlendis.

Greiða skal kostnað vegna ferða ráðherra erlendis vegna stjórnmalalegra starfa hans, enda þótt þau tengist ekki beint ráðherrastarfinu, enda sé um að ræða ferð samkvæmt 8. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað og reglum settum samkvæmt þeim.

Greiða skal ferðakostnað ráðherra sem jafnframt er formaður stjórnmalaflokks, fari hann utan til þess að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi sem flokkur hans á aðild að eða á sérstaka fundi, ráðstefnur eða samkomur sem tengjast starfi hans sem flokksformaður. Sama gildir um ferðakostnað ráðherra sem jafnframt er varaformaður stjórnmalaflokks sæki hann fundi samkvæmt framangreindu í stað formanns, enda liggi fyrir samþykki eða beiðni formanns þar um. Komi upp vafi um afmörkun á rétti ráðherra samkvæmt ákvæði þessu skal taka mið af rétti alþingismanna samkvæmt ákvæðum laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað og reglum forsætisnefndar um ferðakostnað formanna stjórnmalaflokka erlendis.

Um kostnað vegna ferða sem tengjast bæði ráðherrastarfi og eru í stjórnmalalegum tilgangi fer sky. 2. gr. Um ferðakostnað og um önnur útgjöld, frádrátt og tryggingar, gilda ákvæði reglna fjármála- og efnahagsráðherra um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, sbr. þó 4. mgr.

Vegna ferðalaga samkvæmt þessari grein skulu ráðherrum greiddir dagpeningar vegna fæðis og annars kostnaðar, þ.e. daghluta. Auk þess skal þeim greiddur ferða- og gistikostnaður og þátttökugjald þegar um fundi eða ráðstefnur er að ræða.

Um ferðakostnað aðstoðarmanna ráðherra, í ferðum samkvæmt 1. og 2. mgr., fer samkvæmt almennum reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

4. gr.

Ferðakostnaður vegna stjórnmalalegra starfa innanlands.

Greiða skal ferðakostnað ráðherra vegna funda sem hann boðar eða er boðaður á vegna stjórnmalalegra starfa hans þar til sex vikur eru til kjördags en þá fellur þessi heimild niður fram að kjördegi. Komi upp vafi um rétt ráðherra samkvæmt ákvæði þessu skal taka mið af rétti alþingismanna samkvæmt ákvæðum laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað og 5. gr. reglna forsætisnefndar Alþingis um þingfararkostnað.

Í samræmi við 7. gr. er ráðherra heimilt, í þágu öryggissjónarmiða, að hafa til afnota ráðherrabifreið og nýta þjónustu bifreiðastjóra í ferðum sínum samkvæmt 1. mgr.

Um kostnað vegna ferða sem tengjast bæði ráðherrastarfi og eru í stjórnmálalegum tilgangi fer skv. 2. gr. Um ferðakostnað og um önnur útgjöld gilda ákvæði reglna fjármála- og efnahagsráðherra um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

Um ferðakostnað aðstoðarmanna ráðherra, í ferðum samkvæmt 1. mgr., fer samkvæmt almennum reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

5. gr.

Orlof.

Ráðherra er heimilt að taka sér orlof, hafi hann tök á því, sem að hámarki getur verið jafnlangt og hámarksorlof ríkisstarfsmanna. Heldur hann launum samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 115/2011 í orlofi. Nýti ráðherra ekki heimildina að fullu á viðkomandi orlofstökuári fellur það sem ekki er nýtt niður. Þegar ráðherra lætur af starfi skal áunninn orlofsréttur hans gerður upp með sama hætti og hjá ríkisstarfsmönnum.

Viðkomandi ráðuneyti hefur umsjón með skráningu á orlofstöku ráðherra.

6. gr.

Bifreiðamál.

Leggja skal ráðherrum til bifreið til afnota vegna starfa sinna og til aksturs frá heimili að vinnustað. Bifreiðin skal vera sérútbúin með öryggiskerfi og staðsetningarbúnaði. Slíkri bifreið skal að jafnaði ekið af sérstökum bifreiðarstjóra sem sinnir jafnframt hlutverki öryggisvarðar hlutaðeigandi ráðherra.

Bifreiðar ráðherra skulu auðkenndar sérstaklega með íslenska skjaldarmerkinu sem fest er á skráningarplötur þeirra.

Um kaup ráðherrabifreiða og ráðstöfun þeirra fer eftir almennum reglum um bifreiðamál ríkisins.

7. gr.

Ágreiningur.

Komi upp ágreiningur um gildissvið eða efni þessara reglna, skal fjármála- og efnahagsráðuneytið úrskurða þar um.

8. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 2. mgr. 27. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi reglur um greiðslu ferðakostnaðar og önnur starfskjör ráðherra frá 25. ágúst 2020.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 13. ágúst 2021.

Bjarni Benediktsson.

Guðmundur Árnason.